

Niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku í dreifbýli 2019

Skýrsla til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



Apríl
2020

Niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku í dreifbýli 2019

Skýrsla til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Apríl
2020

Ritstjórn:
Benedikt Guðmundsson
Jón Ragnar Guðmundsson

Útgefandi:
Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík
Sími: 569 6000, Fax, 568 8896
Tölvupóstur: os@os.is
Heimasíða: <http://www.os.is/>
Hönnun og uppsetning: Baldur Pétursson, Orkustofnun
Yfirllestur: Þórunn Erla Sighvats

Þessi skýrsla er gefin út á vef Orkustofnunar
Efni skýrslunnar má nota, en þess er óskað að heimildar sé getið.
Skýrslan var unnin og lokið í nóvember 2019, en var ekki gefin út fyrr en í apríl 2020.

OS-2020-01
ISBN 978-9979-68-559-3

Apríl, 2020

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
2	NIÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2018	5
2.1	SUNDURLIÐUN FJÁRLAGALIÐAR 04-583 ÁRIÐ 2018	5
2.2	VIÐFANG 111 - NIÐURGREIÐSLUR Á HITUN ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS	6
2.2.1	ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR	6
2.2.2	NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG VEGNA HEIMARAFSTÖÐVA	7
2.2.3	STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÖFLUNAR	7
2.2.4	JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM	8
2.2.5	ORKUSPARNAÐARÁTAK	8
2.3	VIÐFANG 112 - JÖFNUN KOSTNAÐAR VIÐ DREIFINGU RAFORKU	8
2.4	VIÐFANG 113 - NOTENDUR UTAN SAMVEITNA	8
2.5	NIÐURSTAÐA ÁRSINS 2018	8
3	ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2019	9
3.1	SUNDURLIÐUN FJÁRLAGALIÐAR 04-583 ÁRIÐ 2019	9
3.2	VIÐFANG 111 – NIÐURGREIÐSLUR Á HITUN ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS	10
3.2.1	ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR	10
3.2.2	NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG VEGNA HEIMARAFSTÖÐVA	10
3.2.3	STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÖFLUNAR	11
3.2.4	JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM	11
3.2.5	ORKUSPARNAÐARÁTAK	11
3.2.6	ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2019	11
3.3	VIÐFANG 112 – JÖFNUN KOSTNAÐAR VIÐ DREIFINGU RAFORKU	12
3.4	VIÐFANG 113 – NOTENDUR UTAN SAMVEITNA	12
4	FRUMDRÖG AÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2020	12
4.1	SUNDURLIÐUN FJÁRLAGALIÐAR 04-583 ÁRIÐ 2020 SAMKVÆMT FJÁRLAGAFRUMVARPI	12
4.2	VIÐFANG 111 – NIÐURGREIÐSLUR Á HITUN ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS	13
4.2.1	ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR	13
4.2.2	NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG VEGNA HEIMARAFSTÖÐVA	13
4.2.3	STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÖFLUNAR	13
4.2.4	JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM	15
4.2.5	ORKUSPARNAÐARÁTAK	15
4.3	VIÐFANG 112 – JÖFNUN KOSTNAÐAR VIÐ DREIFINGU RAFORKU	15
4.4	VIÐFANG 113 – NOTENDUR UTAN SAMVEITNA	16
5	NIÐURLAG	16

TÖFLUYFIRLIT

TAFLA 1: SKIPTING FJÁRLAGALIÐAR 04-583 FYRIR ÁRIÐ 2018 Í M.KR.	5
TAFLA 2: SKIPTING FJÁRLAGALIÐAR 04-583 FYRIR ÁRIÐ 2018 ÁSAMT LEIÐRÉTTU VEGNA ÁRSINS 2017 .	5
TAFLA 3: SKIPTING NIÐURGREIÐSLNA MILLI DREIFIVEITNA FYRIR ÁRIÐ 2018 Í GWST.....	6
TAFLA 4: SKIPTING NIÐURGREIÐSLNA MILLI DREIFIVEITNA FYRIR ÁRIÐ 2018 Í M.KR.	6
TAFLA 5: SKIPTING DREIFBÝLISFRAMLAGS MILLI DREIFIVEITNA Á ÁRINU 2018.....	8
TAFLA 6: NIÐURSTAÐA VIÐFANGS 112 - JÖFNUN KOSTNAÐAR VIÐ DREIFINGU RAFORKU ÁRIÐ 2018	8
TAFLA 7: RÁÐSTÖFUN OG NIÐURSTAÐA VIÐFANGS 111 Á ÁRINU 2018	9
TAFLA 8: NIÐURSTAÐA FJÁRLAGALIÐAR 04-583 FYRIR ÁRIÐ 2018.....	9
TAFLA 9: SKIPTING FJÁRLAGALIÐAR 04-583 FYRIR ÁRIÐ 2019 OG UPPGJÖR VEGNA ÁRSINS 2018	10
TAFLA 10: UPPHAFSSTAÐA VIÐFANGS 111 AF FJÁRLAGALIÐ 04-583 FYRIR ÁRIÐ 2019	10
TAFLA 11: GREIDDIR STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG EINGREIÐSLUR TIL EINSTAKLINGA 1. NÓVEMBER 2019	11
TAFLA 12: RÁÐSTÖFUNARFÉ VIÐFANGS 112 FYRIR ÁRIÐ 2019 OG STAÐAN 1. NÓVEMBER 2019.....	12
TAFLA 13: RÁÐSTÖFUN FJÁRLAGALIÐAR 04-583 Á ÁRINU 2020 SAMKVÆMT FJÁRLAGAFRUMVARPI	12
TAFLA 14: FRUMDRÖG AÐ SKIPTINGU VIÐFANGS 111 AF FJÁRLAGALIÐ 04-583 FYRIR ÁRIÐ 2020	13
TAFLA 15: ÁÆTLAÐIR STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA Á ÁRINU 2020 OG Á KOMANDI ÁRUM.....	14
TAFLA 16: EINGREIÐSLUR TIL EINSTAKLINGA TIL GREIÐSLU ÁRIÐ 2020	15
TAFLA 17: INNHEIMT JÖFNUNARGJALD 2018 VEGNA DREIFINGAR RAFORKU Á ÁRINU 2018.....	16

MYNDAYFIRLIT

MYND 1: SUNDURLIÐUN Á FJÁRMAGNI TIL RÁÐSTÖFUNAR Á FJÁRLAGALIÐ 04-583 FYRIR ÁRIÐ 2018	6
MYND 2: NIÐURGREIÐSLUR TIL HÚSHITUNAR FRÁ 1983-2018 Á VERÐLAGI HVERS ÁRS OG M.V. MEÐALVÍSITÖLU NEYSLUVERÐS ÁRSINS 2018.....	7

1 Inngangur

Raforka til húshitunar hefur verið niðurgreidd af opinberu fé frá árinu 1983. Orkustofnun er, samkvæmt lögum nr. 78 frá 2002, falið að hafa umsjón með málaflokknum og skila árlega skýrslu til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Þar á að koma fram ráðstöfun fjár samkvæmt lögum þessum á næstliðnu ári. Einnig skal leggja fram endurskoðaða áætlun greiðslna yfirstandandi árs og áætlun fyrir næstkomandi ár.

Greina skal sundurliðað hve miklu fjármagni er varið til niðurgreiðslu húshitunar, stofnstyrkja hitaveitna og orkusparnaðaraðgerða. Þar er einnig að finna upplýsingar um sérstakar aðgerðir með sama markmiði, þ.e. niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna heimarafstöðva, eingreiðslur vegna aðgerða til orkusparandi framkvæmda s.s. smávirkjana, varmadælna og jarðhitaleitar á köldum svæðum. Skýrslan er gerð í nóvember 2019, áður en fjárlög ársins 2020 hafa verið samþykkt af Alþingi. Áætlun ársins 2020 verður því byggð á fjárlagafrumvarpi ársins 2020 og verður endurskoðuð þegar það hefur verið samþykkt á Alþingi.

2 Niðurgreiðslur ársins 2018

2.1 Sundurliðun fjárlagaliðar 04-583 árið 2018

Á fjárlögum ársins 2018 voru 3.275,7 m.kr. til ráðstöfunar fyrir fjárlagalið 04-583 Niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku. Fjárlagaliðurinn samanstendur af þremur viðföngum og skiptingu fjármagnsins innan hans má sjá í Tafla 1.

Tafla 1: Skipting fjárlagaliðar 04-583 fyrir árið 2018 í m.kr.


Viðfang	Upphæð [m.kr.]
111 - Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	2.268,2
112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	952,0
113 - Notendur utan samveitna	55,5
Samtals	3.275,7

Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis er stærsta viðfang fjárlagaliðarins en ásamt því að niðurgreiða húshitun er því t.a.m. ætlað að standa straum af kostnaði við orkusparandi aðgerðir og umsjón með niðurgreiðslum húshitunarkostnaðar. Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku er til jöfnunar á kostnaði við dreifingu raforku í dreifbýli, til jafns við dýrasta þéttbýlisverð. Það er innheimt með jöfnunargjaldi á alla raforku sem fer um dreifikerfið, að undanskilinni stóriðju. Notendur utan samveitna er viðfang sem snýr að raforkuframléiðslu í Grímsey og Flatey þar sem ríkissjóður greiðir allan kostnað umfram tekjur af sölu rafmagns á þessum stöðum.

Vegna ýmissa utanaðkomandi þátta þurfti að millifæra fjármuni innan fjárlagaliðarins á árinu 2017 til þess að endar næðu saman innan viðfanga hans. Þessar millifærslur þurfti svo að leiðrétta með fjárlögum ársins 2018 og Tafla 2 sýnir hvaða áhrif þetta uppgjör hafði á ráðstöfunarfé viðfanga fjárlagaliðarins fyrir árið 2018. Jafnframt samþykkti ríkisstjórnin að veita árlega 308 m.kr. aukafjármagni til fjárlagaliðarins á árunum 2018-2020 til greiðslu stofnstyrkja til hitaveitna og fellur það undir viðfang 111.

Tafla 2: Skipting fjárlagaliðar 04-583 fyrir árið 2018 ásamt leiðréttu vegna ársins 2017

Viðfang (m.kr.)	Fjárlög 2018	Millif. milli viðfanga	Flutt frá fyrra ári	Ráðstöfun 2018
111 - Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	2.268,2	-57,0	0,0	2.211,2
112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	952,0	43,0	45,6	1.040,6
113 - Notendur utan samveitna	55,5	14,0	-5,8	63,7
Samtals	3.275,7	0,0	39,8	3.315,5



Mynd 1: Sundurliðun á fjármagni til ráðstöfunar á fjárlagalið 04-583 fyrir árið 2018

2.2 Viðfang 111 - Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis

2.2.1 Almennar niðurgreiðslur

Magn niðurgreiddrar orku til húshitunar hækkaði um 34 GWst á árinu 2018 en niðurgreiðslur hafa aldrei verið lægra en á árinu 2017 eða 290,3 GWst. Það sást fljótlega á aflestrum mæla í upphafi árs 2018 að töluverð aukning myndi eiga sér stað en ástæðu þess mátti rekja til verra árferðis á árinu á undan. Hitastig ræður mestu um notkun og er stundum nefnt að fyrir hverja gráðu sem hitastig breytist þá aukist eða minnki árleg notkun um 5%. Ef ekki hefði komið til áframhaldandi hitaveitu- og varmadælulæðingar á árinu hefðu niðurgreiðslur orðið hærri en raun bar vitni.


Tafla 3: Skipting niðurgreiðslna milli dreifiveitna fyrir árið 2018 í GWst.

Niðurgreiðslur (GWst)	RARIK	Orkubú Vestfjarða	HS Veitur	Rafveita Reyðarfjarðar	Veitur	Samtals
Bein rafhitun	170,92	34,37	5,22	10,90	1,10	222,51
Fjarvarmi	18,81	43,81	39,74	-	-	102,36
Samtals	189,73	78,18	44,95	10,90	1,10	324,87

Tafla 4: Skipting niðurgreiðslna milli dreifiveitna fyrir árið 2018 í m.kr.

Niðurgreiðslur (m.kr.)	RARIK	Orkubú Vestfjarða	HS Veitur	Rafveita Reyðarfjarðar	Veitur	Samtals
Bein rafhitun	1.208,0	221,8	29,6	55,8	6,1	1.521,3
Fjarvarmi	75,2	165,6	123,1	-	-	363,9
Samtals	1.283,2	387,4	152,7	55,8	6,1	1.885,2

Um árabíl hefur raforka til húshitunar verið niðurgreidd af opinberu fé. Í heildina hefur verið varið úr ríkissjóði tæplega 48 milljörðum króna, á verðlagi ársins 2018, til lækkunar á húshitunarkostnaði íbúa landsins sem ekki njóta hitaveitu.



Mynd 2: Niðurgreiðslur til húshitunar frá 1983-2018 á verðlagi hvers árs og m.v. meðalvísitölu neysluverðs ársins 2018

2.2.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna heimarafstöðva

Á árinu 2018 voru niðurgreiðslur vegna olíuhitunar 7,0 m.kr. sem er 1,5 m.kr. hærri upphæð en árið á undan. Það er í takt við aukningu í beinni rafhitun sem stafaði af kaldara ári en árið á undan. Niðurgreiðslur til eigenda heimarafstöðva voru 3,3 m.kr. sem er u.þ.b. einni milljón meira en á síðasta ári sem stafaði af bilun í virkjun í Skagafirði sem leiddi til þess að greiða þurfti notendum tímabundið skv. gjaldskrá RARIK. Til þessa málaflokks fóru því 10,3 m.kr.

2.2.3 Stofnstyrkir til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Hitaveituframkvæmdir voru víða á landinu en þær stærstu voru í Kjósarhreppi, Skagafirði og Húnaþingi vestra. Sundurliðun á greiðslum stofnstyrkja til hitaveitna á árinu 2018 má sjá í Tafla 4. Styrkir til vistvænnar orkuöflunar hjá einstaklingum námu 22,5 m.kr. á árinu 2018. Upphæðir tengdar óafgreiddum umsóknum í lok árs 2018 námu 26 m.kr. og síðan þá hefur safnast upp næstum þreföld sú upphæð.

Tafla 4: Stofnstyrkir til hitaveitna og eingreiðslur til einstaklinga árið 2018

Styrkþegi	Upphæð
Dalvíkurbyggð	23.820.141 kr.
Húnaþing vestra	42.191.917 kr.
Kaldrananeshreppur	3.787.780 kr.
Kjósarveitur	158.328.173 kr.
Norðurorka	16.438.582 kr.
Skagafjarðarveitur	59.024.493 kr.
Samtals – Stofnstyrkir til hitaveitna	303.591.086 kr.
Eingreiðslur til einstaklinga	22.455.071 kr.
Samtals – Stofnstyrkir og eingreiðslur	326.046.157 kr.

2.2.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Ráðherra er heimilt að verja allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði og nýrra hitaveitna til jarðhitaleitar á köldum svæðum. Ráðherra, samkvæmt tillögu Orkustofnunar, tók ákvörðun um að veita ekki fjármunum til jarðhitaleitar á árinu þar sem mörgum eldri verkefnum var enn ólokið.

2.2.5 Orkusparnaðarátak

Áfram er unnið með aðilum sem tengjast brothættum byggðum með átaki til orkusparnaðar sem felst í styrkjum til bættrar einangrunar, gluggaskipta eða annarra aðgerða sem lækkar orkureikning notandans.

2.3 Viðfang 112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Á fjárlögum ársins 2018 voru 952 m.kr til ráðstöfunar til jöfnunar á kostnaði við dreifingu raforku í dreifbýli. Í Tafla 5 má sjá skiptingu dreifbýlisframlags milli dreifiveitna.

Tafla 5: Skipting dreifbýlisframlags milli dreifiveitna á árinu 2018

Dreifiveita	Upphæð
Orkubú Vestfjarða ohf.	97.030.921 kr.
RARIK ohf.	914.526.364 kr.
Samtals	1.011.557.285 kr.

Niðurstöðu viðfangsins má sjá í Tafla 6 en þar kemur fram að 29,1 m.kr. afgangur færist yfir á árið 2019

Tafla 6: Niðurstaða viðfangs 112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku árið 2018

Fjárlagaliður 04-583, viðfang 112	Upphæð
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2018</i>	952.000.000 kr.
Millifært milli viðfanga	43.000.000 kr.
Flutt frá fyrra ári	45.654.444 kr.
Niðurfellt frá fyrra ári	- kr.
Samtals – Til ráðstöfunar	1.040.656.444 kr.
Samtals - Ráðstafað	1.011.557.285 kr.
Niðurstaða ársins	29.097.159 kr.

2.4 Viðfang 113 - Notendur utan samveitna

Á fjárlögum ársins 2018 var gert ráð fyrir 55,5 m.kr. til notenda utan samveitna. Að teknu tilliti til millifærslna milli fjárlagaliða og flutnings milli ára voru 63,7 m.kr. til ráðstöfunar. Af því fóru 56,6 m.kr. til dreifiveitna vegna raforkuframléiðslu með díselvélum í Grimsey og Flatey.

2.5 Niðurstaða ársins 2018

Niðurstaða ársins 2017 hafði áhrif á ráðstöfunarfé fjárlagaliðarins fyrir árið 2018 vegna þeirra millifærslna sem þurftu að eiga sér stað strax í upphafi ársins og voru tilkomnar vegna óviðráðanlegra þátta. Því voru 57 m.kr. minna til ráðstöfunar í viðfangi 111 en fjárlögin kváðu á um. Frekari tilhögun millifærslnanna má sjá í Tafla 8. Þegar fyrstu mælaálestrar notenda dreifiveitnanna byrjuðu að skila sér inn í upphafi árs varð strax vart við talsvert meiri raforkunotkun

til húshitunar en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þessi aukning, sem mátti að mestu rekja til verra tíðarfars, leiddi til þess að niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar jukust verulega frá árinu á undan og hafði mikil áhrif á ráðstöfunarfé fjárlagaliðarins. Kom það m.a. fram í því að verulega skorti á fjármagn til eingreiðslna vegna orkusparandi aðgerða en fjöldi umsókna bíða afgreiðslu þar til fjármagn fæst til þess að greiða út.

Einungis reyndist hægt að greiða út tæplega 303,6 m.kr. í formi stofnstyrkja til hitaveitna af þeim 308 m.kr. sem sérstaklega var ætlað til þess af ríkisstjórninni. Ástæðu þess má, að hluta til, rekja til þess að framkvæmdir gengu hægar fyrir sig en upphaflega var gert ráð fyrir, bæði hjá hitaveitum og notendum sjálfum þar sem stóran hluta ársins bar á skorti á iðnaðarmönnum á viðkomandi svæðum vegna mikillar eftirspurnar. Þær 4,4 m.kr. sem eftir stóðu af þessari sérstöku fjárveitingu var ekki heimilt að nýta til annarra þátta innan fjárlagaliðarins og voru því færðar yfir á fjárlög ársins 2019 og bætast þá við þær 308 m.kr. sem áður var búið að samþykkja til handa stofnstyrkjum.

Tafla 7: Ráðstöfun og niðurstaða viðfangs 111 á árinu 2018

Fjárlagaliður 04-583, viðfang 111	Upphæð
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2018</i>	<i>2.268.200.000 kr.</i>
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.885.515.398 kr.
Olíuhitun, niðurgreiðslur	6.999.908 kr.
Heimarafstöðvar, niðurgreiðslur	3.718.762 kr.
Orkusparnaður - 1,25% af fjárheimild	27.265.000 kr.
Umsjón, Orkustofnun	21.800.000 kr.
Jarðhitaleit	- kr.
Stofnstyrkir til hitaveitna	303.591.086 kr.
Eingreiðslur til einstaklinga	22.455.071 kr.
Annað	722.855 kr.
Stofnstyrkir til hitaveitna – afgangur til ráðstöfunar 2019	4.408.914 kr.
Samtals	2.276.476.994 kr.
Millifærsla vegna ársins 2017	57.000.000 kr.
Niðurstaða ársins 2018	-65.276.994 kr.

Niðurstaða fjárlagaliðar 04-583 fyrir árið 2018 lítur þá út samkvæmt Tafla 8 þegar búið er að millifæra milli liða innan fjárlagaliðarins.

Tafla 8: Niðurstaða fjárlagaliðar 04-583 fyrir árið 2018

	Viðfang 111	Viðfang 112	Viðfang 113	Samtals
Höfuðstóll 1.1.2018	- kr.	45.654.444 kr.	-5.824.131 kr.	39.830.313 kr.
Fjárlög 2018	2.268.200.000 kr.	952.000.000 kr.	55.500.000 kr.	3.275.700.000 kr.
Millifært v 2017	-57.000.000 kr.	43.000.000 kr.	14.000.000 kr.	- kr.
Útgjöld 2018	-2.276.476.994 kr.	-1.011.557.285 kr.	-56.606.798 kr.	-3.344.641.077 kr.
Niðurstaða 2018	-65.276.994 kr.	29.097.159 kr.	7.069.071 kr.	-29.110.764 kr.

3 Endurskoðuð áætlun ársins 2019

3.1 Sundurliðun fjárlagaliðar 04-583 árið 2019

Fjárlagaliður 04-583 samanstendur af þremur mismunandi viðföngum. Þegar búið er að taka tillit til uppgjors vegna stöðu fjárlagaliðarins í árslok 2018 lítur upphafsstaða hans út eins og fram kemur í Tafla 9.

Tafla 9: Skipting fjárlagaliðar 04-583 fyrir árið 2019 og uppgjör vegna ársins 2018

	Viðfang 111	Viðfang 112	Viðfang 113	Samtals
Fjárlög 2019	2.349.200.000 kr.	983.300.000 kr.	55.500.000 kr.	3.388.000.000 kr.
Niðurstaða 2018	-65.276.994 kr.	29.097.159 kr.	7.069.071 kr.	-29.110.764 kr.
Niðurfellt frá 2018	65.276.994 kr.	- kr.	-4.289.071 kr.	60.987.923 kr.
Til ráðstöfunar 2019	2.349.200.000 kr.	1.012.397.159 kr.	58.280.000 kr.	3.419.877.159 kr.

3.2 Viðfang 111 – Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis

3.2.1 Almennar niðurgreiðslur

Í upphafi ársins 2019 lá ekki fyrir hvernig yrði farið með niðurstöðu fjárlagaliðarins og valdi því Orkustofnun að reikna með að afgangur (halli) ársins 2018 fylgdi viðfangsefnum á árinu 2019. Tafla 10 sýnir upphafsstöðu viðfangs 111 fyrir árið 2019 og áætlaða stöðu í árslok.

Tafla 10: Upphafsstaða viðfangs 111 af fjárlagalið 04-583 fyrir árið 2019

Fjárlagaliður 04-583, viðfang 111	Upphafsstaða 1.1.2019	Staðan 1.11.2019	Áætluð staða 31.12.2019
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2019</i>	2.288.705.925 kr.	2.288.705.925 kr.	2.288.705.925 kr.
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.893.049.925 kr.	1.587.470.860 kr.	1.911.253.082 kr.
Olúhitun, niðurgreiðslur	7.698.972 kr.	5.620.961 kr.	7.629.747 kr.
Heimarafstöðvar, niðurgreiðslur	3.609.103 kr.	2.648.436 kr.	3.607.871 kr.
Orkusparnaður - 1,25% af fjárheimild	28.608.819 kr.	28.608.819 kr.	28.608.819 kr.
Umsjón, Orkustofnun	21.800.000 kr.	21.800.000 kr.	21.800.000 kr.
Jarðhitaleit			
Stofnstyrkir til hitaveitna	312.408.914 kr.	222.612.738 kr.	294.276.214 kr.
Eingreiðslur til einstaklinga	21.530.192 kr.	17.459.470 kr.	21.530.192 kr.
Samtals:	2.288.705.925 kr.	1.886.221.284 kr.	2.288.705.925 kr.
<i>Mismunur</i>	<i>0 kr.</i>	<i>402.484.641 kr.</i>	<i>0 kr.</i>

Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna stefna í að verða 1.911 m.kr. eða um 1% umfram áætlun Orkustofnunar frá upphafi ársins. Þessi aukna útgjöld vegna niðurgreiðslna munu þó ekki hafa áhrif sem leiða til lækkunar á ráðstöfunarfé til greiðslu stofnstyrkja þar sem allt bendir til að ekki takist að greiða hitaveitum samkvæmt áætlun vegna skorts á iðnaðarmönnum til sveita.

Orkustofnun gerir ráð fyrir að eingreiðslur til einstaklinga verði samkvæmt áætlun 21,5 m.kr. Orkustofnun telur að skynsamlegast væri, ef afgangur verður á fjárlagaliðnum, að einstaklingum sem hafa þegar fjárfest í varmadælum, heimarafstöðum eða eigin hitaveituholum verði greitt það sem þeir hafa sótt um og er hluti að uppsöfnuðum vanda uppá 80 m.kr.

3.2.2 Niðurgreiðslur á olúhitun og vegna heimarafstöðva

Vonir stóðu til að hægt væri að lækka upphæð niðurgreiðslna vegna heimarafstöðva á árinu en sökum skorts á fjármunum var ekki mögulegt að greiða eingreiðslu til ákveðinna verkefna þar sem ætlað var að uppfæra, lagfæra og standsetja nýjar heimarafstöðvar. Í upphaflegri spá Orkustofnunar fyrir niðurgreiðslur vegna heimarafstöðva ársins 2019 var þó litið til stöðu fjárlagaliðarins eftir árið 2018 og miðaðist hún því við óbreytt ástand.

Nú á síðari árum hefur borið meira á því að íbúar í Grímsey séu búsettir á meginlandinu stærstan hluta ársins án þess að færa lögheimilið úr eyjunni. Þessi aukna fjarvera ætti að leiða til minni hitunarkostnaðar en virðist ekki skila sér þegar litið er til innsendra reikninga um olúnotkun frá

notendum. Orkustofnun hefur nú þegar greitt, til beggja hópa, fyrstu þrjá fjórðunga ársins og hafa tæplega 8,3 m.kr. verið greiddar vegna niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði með olíuhitun og heimarafstöðvum. Komi ekki til skarpra breytinga á tíðarfari eða olíuverði má gera ráð fyrir að upphafleg áætlun þessa málaflokks standist.

3.2.3 Stofnstyrkir til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Á árinu 2019 eru 312,4 m.kr. til ráðstöfunar til stofnstyrkja hitaveitna sem rúmast innan áður samþykktu sérstöku fjárveitingu ríkisstjórnarinnar. Þessi sérstaka fjárveiting tók mið af fyrirfram ákveðinni framkvæmdaráætlun sem gerð var árið 2017. Miðað við þá áætlun, tilfærslur og breytingar sem orðið hafa á tilheyrandi framkvæmdum var áætlað að tæplega 313 m.kr. yrðu greiddar út í formi stofnstyrkja á árinu 2019. Í lok október var búið að greiða tæplega 223 m.kr. og því fyrir séð að ekki yrði unnt að greiða eins mikið og upphafleg áætlun gerði ráð fyrir.

Rúmlega 50 umsóknir um eingreiðslu vegna orkusparandi aðgerða eða bættrar orkunýtingar biðu afgreiðslu þann 1. nóvember og er upphæð eingreiðslna vegna þeirra áætluð 80 m.kr. Orkustofnun gerir ráð fyrir fleiri umsóknum á þessu ári. Þennan vanda þarf að leysa með einum eða öðrum hætti ásamt vandamálum frá upphafs árum eingreiðslna þegar notendur lentu margir hverjir á övönduðum aðilum sem voru að selja varmadælur sem á engan hátt uppfylltu þær væntingar sem kaupendur höfðu. Þegar skýrslan er skrifuð hafa 17,5 m.kr. verið greiddar til einstaklinga og er reiknað með að hægt verði að greiða fjórar m.kr. fyrir árslok.

Frekari útlistun á þeim stofnstyrkjum til hitaveitna og eingreiðslum til einstaklinga sem hefur verið greitt út kemur fram í Tafla 11.

Tafla 11: Greiddir stofnstyrkir til hitaveitna og eingreiðslur til einstaklinga 1. nóvember 2019

Styrkþegi	Upphæð
Hitaveita Húnaþings vestra	122.868.828 kr.
Kjósarveita	67.224.528 kr.
Skagafjarðarveitur	32.519.382 kr.
Samtals - Stofnstyrkir	222.612.738 kr.
Eingreiðslur til einstaklinga	17.459.470 kr.
Samtals - Stofnstyrkir og eingreiðslur	240.072.208 kr.

3.2.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Samkvæmt ákvörðun ráðherra, miðað við tillögu Orkustofnunar, verður engu fjármagni af fjárlagalið 04-583 veitt til jarðhitaleitar á köldum svæðum á árinu 2019.

3.2.5 Orkusparnaðaráttak

Samkvæmt lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar nr. 78/2002 er heimilt að veita allt að 3% af fjárveitingu ársins til orkusparnaðaráttaks. Fjárframlag til þessa liðar er mjög mikilvægt og hefur það sannað sig og haft góð áhrif á þeim svæðum þar sem fjármunirnir hafa verið nýttir. Á undanförmum árum hefur megnið af þeim fjármunum sem varið hefur verið til orkusparnaðar farið á þau svæði landsins sem teljast til brothættra byggða með góðum árangri. Hefur það leitt til bættrar orkunýtingar, aukinnar atvinnu við viðhald og endurbætur á íbúðarhúsnæði á viðkomandi svæðum.

3.2.6 Endurskoðuð áætlun ársins 2019

Sú áætlun sem fram kemur í Tafla 10 stendur að mestu óbreytt út árið en þær breytingar sem kunna að verða yrðu þá í tengslum við það orkumagn sem verður á endanum notað til húshitunar á árinu og hvernig framkvæmdum og inntöku hitaveitna miðar áfram.

3.3 Viðfang 112 – Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Í fjárlögum 2019 voru 983,3 m.kr. til ráðstöfunar vegna dreifingar orku í dreifbýli en við það bættust 29,1 m.kr. vegna millifærslna í tengslum við uppgjör ársins 2018. Ráðstöfunarfé viðfangs 112 er því 1.012,4 m.kr.

Þegar litið er á þá reikninga sem hafa borist er heildardreifing orku á dreifbýlissvæði RARIK 0,8% lægri en upphafleg áætlun þeirra og hjá Orkubúi Vestfjarða 3,1% lægri. Í heildina hafa áætlanir dreifiveitnanna því haldist innan skekkjumarka og er dreifing orku á dreifbýlissvæði þeirra 0,9% lægri en upphaflega var áætlað. RARIK er með um 92% af dreifingu forgangsorku í dreifbýli og hefur áætlun þeirra þar af leiðandi talsvert meira vægi.

Í ljósi ofangreindra upplýsinga telur Orkustofnun ekki ástæðu til þess að endurskoða upphaflega áætlun viðfangs 112.

Tafla 12: Ráðstöfunarfé viðfangs 112 fyrir árið 2019 og staðan 1. nóvember 2019

Dreifiveita	Upphæð
Til ráðstöfunar 2019	1.012.397.159 kr.
RARIK ohf.	753.094.166 kr.
Orkubú Vestfjarða ohf.	74.077.457 kr.
Samtals	827.171.623 kr.
Mismunur	185.215.536 kr.

3.4 Viðfang 113 – Notendur utan samveitna

Síðastliðin tvö ár hefur ráðuneytið annast uppgjör við RARIK og OV vegna raforkuframleiðslu hjá notendum utan samveitna. Orkustofnun hefur ekki fengið neinar upplýsingar sem benda til annars en að ráðstöfunarfé viðfangsins sé nægjanlegt til þess að gera upp við dreifiveiturnar.

4 Frumdrög að áætlun ársins 2020

4.1 Sundurliðun fjárlagaliðar 04-583 árið 2020 samkvæmt fjárlagafrumvarpi

Samkvæmt framlögðu fjárlagafrumvarpi ársins 2020 er gert ráð fyrir 3.600 m.kr. til niðurgreiðslna og tengdra verkefna. Í meðförum Alþingis var endanleg niðurstaða skv. Tafla 13.

Tafla 13: Ráðstöfun fjárlagaliðar 04-583 á árinu 2020 samkvæmt fjárlagafrumvarpi

Viðfang	Upphæð [m.kr.]
111 - Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	2.511,9
112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	1.018,2
113 - Notendur utan samveitna	55,5
Samtals	3.585,6

4.2 Viðfang 111 – Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis

4.2.1 Almennar niðurgreiðslur

Veðurfar á milli landshluta hefur verið mishagstætt á þessu ári. Framan af ári hefur veðurfar verið betra á Vestur- og Suðurlandi og Vestfjörðum en á árinu 2018. Því er öfugt farið á Norður- og Austurlandi þar sem tíðarfar hefur verið öllu verra, sé litið til þeirra þátta sem hafa áhrif á húshitun. Má leiða líkum að því að orkunotkun til húshitunar á árinu 2020 verði svipuð eða eitthvað meiri en á árinu 2019.

Hækkunarpörf dreifiveitna fyrir gjaldskrár næsta árs liggur ekki fyrir en þó má gera ráð fyrir að hún verði í takt við verðlagsþróun, sem er áætluð um 2,5%.

Í Tafla 14 má finna frumdrög Orkustofnunar að skiptingu viðfangs 111 af fjárlagalið 04-583 fyrir árið 2020. Nánar er fjallað um einstaka liði töflunnar í næstu undirköflum.

Tafla 14: Frumdrög að skiptingu viðfangs 111 af fjárlagalið 04-583 fyrir árið 2020

Fjárlagaliður 04-583 / Viðfang 111	Upphæð
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2020</i>	<i>2.511.900.000 kr.</i>
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.959.034.409 kr.
Olíuhitun, niðurgreiðslur	7.820.490 kr.
Heimarafstöðvar, niðurgreiðslur	3.698.068 kr.
Orkusparnaður, allt að 3% af viðfangi	62.797.500 kr.
Orkustofnun, umsjón	22.345.000 kr.
Stofnstyrkir til hitaveitna og eingreiðslur til einstaklinga	456.204.533 kr.
Samtals	2.511.900.000 kr.

4.2.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna heimarafstöðva

Ekki er búist við breytingum á því magni orku sem niðurgreiða þarf vegna olíuhitunar og heimarafstöðva á árinu 2020. Það eru helst sveiflur á olíuverði sem geta haft áhrif á þennan hluta niðurgreiðslanna þar sem erfitt getur reynst að spá fyrir um olíuverð allt að eitt ár fram í tímann. Ef hins vegar fjármunir fást til eingreiðslna og hægt verður að greiða þeim notendum sem eru með heimarafstöð og hafa óskað eftir greiðslum þá lækkar niðurgreiðslupörf þess hóps.

4.2.3 Stofnstyrkir til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Ofanskráð áætlun í Tafla 14 gerir ráð fyrir 456,2 m.kr. verði til ráðstöfunar fyrir stofnstyrki til hitaveitna og eingreiðslna til einstaklinga vegna orkusparandi aðgerða sem leiðir til minni raforkunotkunar til húshitunar á árinu 2020. Þótt ekki hafi borist umsókn um stofnstyrk frá RARIK vegna lagningar á hitaveitu til Hafnar í Hornafirði hefur myndast svigrúm til þess að veita hluta slíks styrks, komi umsókn frá fyrirtækinu. Þetta svigrúm er tilkomið vegna þess að flestar þær framkvæmdir sem reiknað var með að væru komnar til framkvæmdar hafa frestast um óákveðinn tíma. Framkvæmdirnar og staðsetningar þeirra eru listaðir upp í Tafla 15.

Tafla 15: Áætlaðir stofnstyrkir til hitaveitna á árinu 2020 og á komandi árum

Hitaveita / Svæði	Hitanotkun [GWst]	Áætlað ógreitt [GWst]	Fjöldi ára	Greiðslur 2020 [m.kr.]	Áætlaðar greiðslur á næstu 5 árum [m.kr.]
Hitaveita Húnaþings vestra ¹					
– Hrutafjörður sunnan Reykja	0,73	0,56	16		79,2
– Víðidalur	1,57	1,21	16	25,0	
Skagafjarðarveitur					
– Lýtingsstaðahreppur	1,21	0,39	16	5,0	
Hvalfjarðarsveit ²	4,39	1,77	12		186,3
Hólmavík ³	3,59	3,51	12		261,1
Tálknafjörður ³	3,01	2,82	12		209,7
Höfn í Hornafirði ⁴					
– Fjarvarmi	10,87	10,54	12	212,6	145,1
– Bein rafhitun í þéttbýli	5,93	5,79	12		373,0
– Bein rafhitun í dreifbýli	2,52	2,15	12	75,0	150,9
Kaldrananeshreppur ⁵	0,22	0,14	12		15,1
Kjósarveitur	3,51	0,53	12	10,0	
Tjörneshreppur ⁶	0,71	0,68	12		71,1
Eyjafjörður innan Hrafnagils ⁶	2,93	1,94	12		203,4
Samtals	41,20	32,03		327,6	1.694,9

Skýringar með Tafla 15

¹ Enn verið að leita eftir meira vatni til þess að geta farið í framkvæmdir.

² Hugmynd um að nýta glatvarma frá álverinu á Grundartanga til að koma á fót hitaveitu.

³ Frestað eftir sveitarstjórnarkosningar 2018.

⁴ Hitaveituframkvæmdir sem munu koma til framkvæmda en á eftir að sækja um stofnstyrk fyrir.

⁵ Búið að liggja lengi fyrir en orðnar litlar líkur á því að þetta fari í framkvæmd.

⁶ Verkefni sem komu upp 2018 og eru enn á frumstigi.

Það er vaxandi eftirspurn eftir eingreiðslum frá einstaklingum sem eru að setja upp varmadælur til lækkunar á orkukostnaði sínum til húshitunar. Það er mat Orkustofnunar að eingreiðslur til einstaklinga sé hvað best heppnaða aðgerð sem ráðist hefur verið í með breytingum á lögum um niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði. Aðgerðin skilar sér fjárhagslega hvað best í lækkun niðurgreiðslna ríkisins ásamt því að lækka orkureikninga einstaklinga og auka framboð á raforku inn á dreifikerfið. Hefur fjármagn til þessara styrkveitinga verið af skornum skammti og engan veginn náð að anna þeirri miklu eftirspurn sem er til staðar og eykst stöðugt. Á síðustu árum hefur fjármagnið klárast á fyrstu mánuðum ársins og nú á þessu ári var engu fjármagni veitt til þessara styrkveitinga umfram það sem áður var búið að skuldbinda til að greiða samkvæmt útgefnum samningum. Með öðrum orðum þá voru engar nýjar styrkveitingar veittar á þessu ári og er staðan nú sú að umsækjendur sem skiluðu inn umsókn um eingreiðslu sumarið 2018 bíða enn afgreiðslu. Ljóst er að þörf er á talsverðri innspýtingu til þessa málaflokks svo unnt sé að afgreiða þær umsóknir sem liggja nú þegar fyrir og til að efla og viðhalda þeirri trú á því sem þessar eingreiðslur eiga að skila til og standa fyrir. Rúmlega 50 umsóknir um eingreiðslu vegna orkusparandi aðgerða eða bættar orkunýtingar bíðu afgreiðslu þann 1. nóvember og er upphæð eingreiðslna vegna þeirra áætluð 80 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að eingreiðslur til einstaklinga sem sækja um árið 2020 verði 50 m.kr.

Orkustofnun leggur jafnframt til að 15 m.kr. verði varið árlega til að styrkja þá notendur sem voru frumkvöðlar í varmadæluvæðingunni á árunum 2009 og 2010 við að endurnýja þann búnað sem þeir keyptu og virkaði aldrei sem skildi. Á þessum tíma voru í sölu varmadælur sem voru í sumum tilfellum ekki tæknilega hæfar til þess að starfa í íslensku tíðarfari og eftir því sem árin liðu þá fækkaði söluaðilunum sem gerði það að verkum að ábyrgðir á umræddum varmadælum féllu að stórum hluta niður. Síðan byrjað var á því að veita eingreiðslur til einstaklinga, vegna uppsetninga

á varmadælum og öðrum orkusparandi búnaði, hefur orðið mikil tækniþróun og er sá búnaður sem er seldur í dag talsvert fullkomnari og betur aðlagður að íslenskum aðstæðum. Þessi styrkur yrði ekki til að rýra niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði frekar en þegar er hjá viðkomandi aðilum. Orkustofnun lítur svo á að þetta framlag sé nauðsynlegt þótt ekki væri nema ímyndunarlega séð. Það hefur gætt misskilnings hjá samningsaðilum um lengd þessara samninga og eru fjölmargir þeirra að óska eftir að fá aftur fulla niðurgreiðslu þar sem, að þeirra áliti, samningstíminn sé liðinn.

Tafla 16: Eingreiðslur til einstaklinga til greiðslu árið 2020

Verkefni	Upphæð
Eingreiðslur til einstaklinga - óafgreiddar umsóknir fyrri ára	80.000.000 kr.
Eingreiðslur til einstaklinga 2020	48.591.500 kr.
Samtals	128.591.500 kr.

4.2.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Vegna stöðu fjárlagaliðarins eins og hann lítur út fyrir árið 2020 skapast svigrúm til að hefjast handa við kortlagningu á framtíð húshitunar. Orkustofnun metur það svo að fyrr en síðar verður ekki lengra gengið í lagningu hitaveitna í dreifbýli sem teljast geta fjárhagslega hagkvæmar fyrir notendur. Því sé nauðsynlegt að ráðast í úttekt á framtíðarmöguleikum þar sem eftirfarandi atriði eru höfð til hliðsjónar.

- Núverandi staða lagningar hitaveitna.
- Hvaða möguleikar eru á frekari hitaveituframkvæmdum.
- Hvaða úrræða eru í boði fyrir þá sem ekki hafa möguleika á tengingu við hitaveitur.
- Hvort möguleiki sé að nýta hitaveituvatn frekar þar sem hitaveita endar.
- Hvort sveitarfélög eigi og geti tekið þátt í jöfnun orkuverðs í sínu sveitarfélagi
- Hvort varmadælur, heimarafstöðvar og nýjar tæknilegar útfærslur séu lausn til frambúðar.
 - Þarf t.d. að breyta byggingareglugerðum í þá veru að varmadælur séu skylda ef byggt er á rafhituðum svæðum?

Áætlaður kostnaður við gerð skýrslu um ofanskráð gæti numið 10 m.kr.

4.2.5 Orkusparnaðaráttak

Heimilt er að leggja allt að 3% af fjárlagalið 04-583 til orkusparandi aðgerða. Orkustofnun leggur til að ráðherra nýti sér þá heimild í ár til að standa undir hluta þeirra fjármuna sem þarf til að fara í að styrkja notendur sem voru frumherjar í varmadæluvæðingu á árunum 2009 og 2010. Það eru þeir notendur sem lentu í að kaupa lélega vöru og í einhverjum tilfellum ónýta vöru og hafa haft fjárhagslegan kostnað í formi lægri niðurgreiðslna án þess að hafa náð nokkurn tímann þeim sparnaði sem að var stefnt með umræddum búnaði. Orkustofnun leggur til að 15 m.kr. af fjármunum til orkusparandi aðgerða verði varið til ofangreinds málefns.

4.3 Viðfang 112 – Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Samkvæmt innsendum gögnum dreifiveitna fyrir dreifingu á raforku á árinu 2018, sem er grunnlag fyrir jöfnunargjald ársins 2019, munu innheimtast tæplega 1.011 m.kr. (sjá Tafla 17). Það er lækkan um u.þ.b. sjö milljónir króna frá fyrri upplýsingum en ástæða þess má rekja til reikniskekkju sem uppgötvaðist í innsendum gögnum frá dreifiveitum.

Tafla 17: Innheimt jöfnunargjald 2018 vegna dreifingar raforku á árinu 2018

Tegund raforku	Magn [GWst]	Jöfnunargjald [kr./kWst]	Upphæð
Forgangsorka	3.215,3	0,30	964.592.180 kr.
Skerðanleg orka	462,1	0,10	46.212.278 kr.
Samtals	3.677,4		1.010.804.458 kr.

4.4 Viðfang 113 – Notendur utan samveitna

Uppgjör vegna raforkuframleiðslu utan samveitna fer þannig fram að uppgjör vegna fyrra árs berst ekki fyrr en um mitt næsta ár og þá kemur í ljós hvort þeir fjármunir, sem til ráðstöfunar eru, duga. Ekki er búist við miklum breytingum á árinu 2020.

5 Niðurlag

Áætlun ársins 2020 er gróflega áætluð út frá þeim gögnum sem eru fyrir hendi og ber að taka með ákveðnum fyrirvara þar sem margar utanaðkomandi og óviðráðanlegar breytur geta haft áhrif á þróun mála. Takist stjórnvöldum að finna leið(ir) til að fá aukið fjármagn til jöfnunar á kostnaði við dreifingu raforku í dreifbýli mun það hafa veruleg áhrif á fjárlagalið niðurgreiðslanna. Orkustofnun áskilur sér því rétt til að endurskoða áætlunina þegar fjárlög ársins 2020 hafa verið samþykkt og þegar allar rauntölur ársins 2019 liggja fyrir og komin er skýrari mynd af öðrum áhrifaþáttum.

